1811021.

**LÖGSAGA**
lögmannsstofa slf.

Sveitarfélagið Árborg,
Hr. Forseti bæjarstjórnar
Helgi Haraldsson,
Austurvegi 2,
800 Selfossi.

Kópavogi 13. Nóvember 2018

**Efni: Lóð við Urðarmóa í landi Björkustykki Árborg**

Með vísan til fyrri samskipta Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi við sveitarfélagið Árborg þá óskar **Kaþólska kirkjan á Íslandi, kt.680169-4629, Hávallagötu 14-16, 101 Reykjavík**, hér með eftir formlegu vilyrði fyrir lóð undir kirkjubyggingu og safnaðarheimili að Urðarmóa, á reit A í meðfylgjandi mynd, í Björkurstykki í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag á grundvelli 8. gr. úthlutunar reglna Sveitarfélagsins Árborgar.

Óskað er eftir því að Sveitarfélagið Árborg muni í kjölfar samþykktar umrædds vilyrðis og úthlutunar þegar búið er að fá samþykki Skipulagsstofnunar til að auglýsa hið samþykkta skipulag í B-deild Stjórnartíðinda, fyrir lögformlegt gildi, tilkynna Kaþólsku kirkjunni á Íslandi um það svo að unnt sé að fá lóðinni úthlutað.

Jafnframt er óskað eftir því að Sveitarfélagið Árborg veiti Kristni Ragnarssyni, arkitekt, hjá Krark í Kópavogi, upplýsingar um væntanleg lóðarblöð og hæðarlínur, svo að hann geti hafið vinnu við hönnunarferli í nánu samráði við skipulagsyfirvöld Sveitarfélagsins Árborgar. En vilji Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi stendur til þess að hefja framkvæmdir snemma næsta vor svo að unnt sé að reisa kirkjuna á árunum 2019-2020, þar sem byrjað verður á kirkjubyggingunni og í kjölfarið safnaðarheimili við kirkjuna. Von og ósk Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, er að unnt sé að halda heilaga messur í kirkjunni seint haustið 2019 og eða í ársbyrjun 2020.

Verkið er fullfjármagnað m.a. með fjárhagslegri aðstoð frá Bonifatuswerk í Þýskalandi, og öðrum framlögum ásamt eigið fé kirkjunnar sjálfrar.

Kaþólska kirkjan á Íslandi mun hefja vinnu við hönnunar – og skipulagsvinnu vegna umræddrar lóðar um leið og bæjarráð Árborgar samþykkir að úthluta umræddri lóð til kirkjunnar.

Kaþólska kirkjan á Íslandi áætlar að framkvæmdir muni síðan hefjast innan 18 mánaða frá því að hönnun hefur farið fram.

Með von um jákvæð viðbrögð við erindi okkar.

Virðingarfyllst,

F.h. Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

Ólafur Kristinsson, lögmaður

Hlíðasmára 19
201 Kópavogi
http://logsagan.is



A
B
Eyravegur

**Sveitarfélagið**
**ÁRBORG**

Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

Urðarmóar Björk-stykki.

*Heiti lóðar* — *Húsnr:* — *Staðsetning*

**Sótt er um lóð fyrir :**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ☐ Einbýlishús | ☐ Parhús | ☐ Raðhús | ☐ Fjölbýlishús |
| ☐ Iðnaðarhús | ☐ Verslunarhús | ☐ Hesthús | ☒ Kirkja - safnaðarh. |

**Umsækjandi :**

Kaþólska kirkjan á Íslandi — 680169 - 4629

*Nafn* — *Kennitala* — *Símanúmer*

*Heimilisfang* — *Sveitarfélag* — *Netfang*

*Nafn maka* — *Kennitala maka* — *Símanúmer*

**Sækir umsækjandi um lóð með öðrum ?** ☐ Já ☒ Nei

Ef já, þá hverjum:

*Nafn* — *Kennitala*

**Hefur umsækjandi eða maki sótt um lóð áður ?** ☐ Já ☐ Nei

Ef já, þá hvenær ? Mán : 29.10 Ár : 2013

Fékk umsækjandi úthlutun ? ☒ Já ☐ Nei

Var úthlutun þegin ? ☒ Já ☐ Nei

Ef úthlutun var ekki þegin, hver var ástæðan ? Sveitarfélagið afturkallaði úthlutun

**Gögn sem þurfa að fylgja umsókninni**

**Til þess að umsóknin teljist gild þurfa eftirtalin gögn að fylgja:**

☐ Vottorð um búsforræði (vottorðið er gefið út af Héraðsdómi Suðurlands)

☐ Skrifleg staðfesting frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og möguleika á lánafyrirgreiðslu vegna fyrirhugaðrar húsbyggingar á þeirri lóð sem umsóknin tekur til.

Umsækjandi staðfestir með undirskrift sinni að gefnar upplýsingar séu réttar, honum er ljóst að rangar eða villandi upplýsingar valda því að hann komi ekki til greina við úthlutun. Úthlutunin verður afturkölluð án fyrirvara komi í ljós síðar að gefnar upplýsingar séu rangar þegar úthlutun fór fram.

Kópavog / 13/11 20 18
*Staður og dagsetning*

F.h. e.u.
Ólafur Kristinsson, lögfr.
*Undirskrift umsækjanda*

**Skráning embættismanna Árborgar:**